

Umsögn við 3. mál - þskj. 3 Kirkjubings 2021-2022. Skýrsla til kirkjubings um fasteignamál Þjóðkirkjunnar. Sem lögð er fram á 62. kirkjubingi 2021-2022.

Erindi til kirkjubingsfulltrúa

Við, undirrituð, leggjumst gegn tillögu á sölu á Prestbústaðnum á Fáskrúðsfirði og hinni fornu og sögulegu kirkjujörð Kolfreyjustað. Frá fornu fari hefur prestur setið Kolfreyjustað en hefur í seinni tíð búið í prestsetri inn í þéttbýli Fáskrúðsfjarðar. Kolfreyjustað fylgir mikið og stórt æðavarp sem hefur ætíð fylgt prestembættinu í Fáskrúðsfirði.

Sala á þeirri jörð stangast á við það að verið sé að selja eignir sem skila ekki hagnaði. Þó hlunnindin verði tekin frá presti, gæti kirkjan haft tekjur af varpinu. Frekar virðist hér vera ætlunin að fækka prestum í prestakallinu. Benda má á að þar sem embættisbústaðir annara stétta hafa verið lagðir niður vantar yfirleitt þá stétt í samfélagið á landsbyggðinni, þar má tala um skort á menntuðum kennurum og skort á læknum sem þekkja sína skjólstæðinga. Nú er það jafnvel svo að læknum er hreinlega flogið inn á umdæmi læknisembættis til að sinna tímabundinni þjónustu. En þeir læknar sem vinna úti á landi eru alltaf á hærri launataxta en þeir sem vinna á fjölmennustu svæðum.

Sala eignanna virðist stangast á við þá stefnu sem Þjóðkirkjan hefur verið að móta sér í landsbyggðarmálum, að rýra ekki grunnþjónustuna í hinum dreifðu byggðum. Það lítur frekar út fyrir að Þjóðkirkjan ætli einmittað draga verulega úr þjónustu á landsbyggðinni. Þessi fasteignarskýrsla stefnir í þá átt, að ekki verði hægt að fá presta á landsbyggðina í minni pláss, vegna búsetuskorts. Má þar nefna að leiguhúsnæði eru af skornum skammti og laun jafnan lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Fátt laðar unga presta með barnafjölskyldu að, til að sækja um stöður á landsbyggðinni. Með þessu áframhaldi mun prestum þar fækka og þjónustan skerðast til muna. Það liggur í augun uppi. Getur Þjóðkirkjan þá kallað sig Þjóðkirkju áfram?

Við teljum mikilvægt að prestum sé ekki fækkað út á landi, þar sem þjónustan við sóknarbörn er alla jafna persónulegri og víðtækari.

Sala á prestbústöðum veldur óánægju í samfélagi þar sem lengi hefur verið prestbústaður eins og gerðist á Eskifirði og Neskaupstað, en þar búa ekki prestar í dag.

Sameining prestakalla virðist hafa kallað á fækkun prestbústaða og hefur leitt til þess að prestar safnast fyrir á einum stað í prestakallinu.

Það er hins vegar hávæð krafa samfélaga á landsbyggðinni að prestur sé hluti af samfélaginu og það verður alltaf erfiðara í framkvæmd ef prestur er ekki búsettur eða hefur ekki búsetumöguleika á þeim stað sem á að þjóna.

Sr. Dagur Fannar Magnússon

Sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

Svandís Ingólfssdóttir, formaður sóknarnefndarinnar Heydalarasóknar.

Eiríkur Ólafsson, formaður sóknarnefndar Fáskrúðsfjarðarsóknar.

Ingibjörg Björgólfssdóttir, formaður sóknarnefndar Stöðvarfjarðarsóknar